

Matvælaefnagreiningar:

Prótein (Kjeldhal)	110,00
Nítrat	95,00
Nítrít	95,00
Fita (með soxhlet)	75,00
Tréni	110,00
Sykurefni	110,00
Aska	60,00
Vatn	40,00
Fitusýrugreining	1 250,00
Kalsíum	75,00
Fosfór	80,00
Magnesíum	75,00
Kalíum	75,00
Natríum	75,00
Járn	80,00
Salt	60,00
B ¹ vítamín	250,00
B ² vítamín	250,00
C vítamín	160,00

Plöntusjúkdómar og meindýr:

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum	60,00
Umfangsmeiri greiningar á skaðaorsökum	110,00
Útgáfa heilbrigðisvottorða eða stimplun vegna inn- og út- flutnings plantna	40,00

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. september 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ**um Olúsjóð fiskiskipa.****1. gr.**

Olúsjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á gas- og svartolíu til íslenskra fiskiskipa á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1982.

2. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast stjórn og gæslu sjóðsins og sjá um greiðslu úr honum.

3. gr.

Niðurgreiðsla olíuverðs skal vera 22% af útsöluverði eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd hverju sinni á tímabilinu.

4. gr.

Niðurgreiðsla á olíu skal bundin við það að olía sé afgreidd um borð í fiskiskip hér á landi.

5. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal greiða olíufélögunum jafngildi niðurgreiðslna sbr. 3. gr., enda láti olíufélögin sjóðnum í té afrit af sölunótum staðfestum af móttakanda, þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, afhendingartíma, magni og tegund olíu.

Miðað skal við að uppgjör til olíufélaganna fari fram hálfsmánaðarlega.

6. gr.

„Fiskiskip“ merkir í reglugerð þessari sérhvert það skip sem gert er út til fiskveiða í atvinnuskyni og skráð er hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

7. gr.

Olíufélögin skulu láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til eftirlits með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

8. gr.

Skipstjórum eða útgerðarmönnum íslenskra fiskiskipa sem fá keypta olíu á niðurgreiddu verði samkvæmt 3. gr. er skylt að halda til haga afritum af sölunótum og láta þau af hendi við Seðlabankann verði þess krafist. Seðlabankinn skal velja af handahófi einstök fiskiskip til athugunar á því hvort olíukaup þeirra eru með eðlilegum hætti samkvæmt reglugerðinni.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða missi niðurgreiðsluréttinda eftir ákvörðun ráðuneytisins, auk viðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum, eftir því sem við á. Hver sá maður, sem veitir liðsinni sitt til slíkra brota, skal einnig sæta viðurlögum almennra hegningarlaga.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 81 21. september 1982, um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. september 1982.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.